

Framkvæmdir hafnar við Reykjaböðin, ný náttúruböð í Hveragerði



Hveragerðisbær og Reykjadalssfélagið hafa náð útmótasamningi um viðamikla ferðaþjónustuuppbyggingu á Árhólmasvæðinu í Hveragerði. Samningurinn felur í sér kaup Reykjadalssfélagsins á byggingarrétti og úthlutun lóða ásamt uppbyggingu svæðisins. Þetta kemur fram í sameiginlegri tilkynningu frá Hveragerðisbæ og Reykjadalssfélaginu.

Markmið uppbyggingar Árhólmasvæðisins er að skapa fjölbreytta þjónustu fyrir bæði íbúa bæjarins og nágrennis en einnig þá fjölmörgu ferðamenn sem heimsækja svæðið og er stefnt að heildrænni nálgun með sjálfbærni að leiðarljósi. Umfang uppbyggingar er töluvert mikið og verður því áfangaskipt yfir nokkur ár. Ákveðið hefur verið að fyrsti áfangi uppbyggingarinnar verði náttúruböð sem hafa fengið nafnið Reykjaböðin. Verkefnið er fullfjármagnað og framkvæmdir hafnar. Nánar um málið á bls. 9.

Önnur sveitarfélög horfa til fjölskyldusviðs Árborgar

Þverfaglega verkefnið „Frá vanvirkni til þátttöku“

Mennta- og barnamálaráðuneytið skrifaði í síðustu viku undir samstarfssamning við fjölskyldusvið Árborgar. Markmið nýs samnings er að þróa verkefni sem miðar að nýrri nálgun á hvernig virkja má ungt fólk til þátttöku í samfélaginu eftir tímabil vanvirkni. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Sveitarfélaginu Árborg.

Verkefnið verður unnið í þverfaglegri samvinnu frístundaþjónustu, velferðarþjónustu og skólaþjónustu innan fjölskyldusviðs Árborgar. Í verkefninu verða nýttir styrkleikar frístundageirans í gegnum verkfæri hans til að virkja ungt fólk á aldrinum 16 – 25 ára til

virknir og þátttöku. Helstu styrkleikar við þær áherslur og það vinnulag sem unnið er eftir í verkefninu er aðgengileiki ungs fólks að þjónustunni og að þeim er fylgt yfir alla þá þröskulda sem geta orðið á vegi þeirra á leið sinni til að vera öflugur þátttakandi í samfélaginu.

Nota tóm- og frístundir til að aðstoða börnin

„Það er búið að vinna hér í Árborg ótrúlegt starf þegar kemur að málum ungs fólks,“ segir Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra. „Þessu sveitarfélagi hefur tekist hvað best á landinu að samtvinnu skóla, félagsþjónustu og

þetta starf og ná með því þeim árangri að þau eru farin að nota tómstundir og frístundir til að aðstoða börn sem eru að glíma við ýmsar áskoranir. Það er orðið slíkt að önnur sveitarfélög eru farin að horfa til þess“.

Verkefni til þriggja ára

Mennta- og barnamálaráðuneytið styrkti verkefnið um 30 milljónir króna sem mun nýtast vel við þróun og upphaf verkefnisins. Verkefnið mun standa yfir í þrjú og hálft ár og í lok verkefnatímabilsins verður til afurð fyrir önnur sveitarfélög og/eða þjónustusvæði þar sem hægt er að aðlaga verkefnið að þörfum þeirra.



Sigprúður Birta Jónsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu, Ellý Tómasdóttir forvarnarfulltrúi, Gunnar E. Sigurbjörnsson deildarstjóri frístundaþjónustu, Fjóla St. Kristinsdóttir bæjarstjóri, Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra og Heiða Ösp Kristjánsdóttir, sviðstjóri Fjölskyldusviðs.

Fáðu
fagmann
í verkið

**Framúrskarandi
fyrirtæki 2023**

**PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

**Við vorum
tölvuþjónusta TRS
Núna erum við OK!**

Við elskum
tölvukerfi



SUB EHF

HLJÓÐ - LJÓS - MYND
ALLT SEM VIÐKEMUR TÓNLIST

subkerfi@gmail.com 8467713

Starfskraftur óskast

Fiskás ehf. á Hellu óskar eftir

starfsmanni í almenn afgangslustörf, þökkun á fisk og önnur tilfallandi verkefni. Vinnutími frá 08:00 – 16:00 virka daga með möguleika á auka vinnu um helgar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar í síma 8623667 / 7823211 eða netfangið fiskas@fiskas.is



Starf í viðskiptaþjónustu PwC á Selfossi

Ertu öflugur einstaklingur með þekkingu á uppgjörum og bókhaldi? Við auglýsum eftir starfsmanni á skrifstofu okkar á Selfossi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Færsla bókhalds og afstemmingar
- Uppgjör og vsk skýrslur
- Launavinnsla
- Skattframtalsgerð

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og/eða reynsla af bókhaldi, uppgjörum, launavinnslu, skattframtalsgerð eða sambærilegum verkefnum.
- Reynsla af notkun DK viðskiptahugbúnaðar eða Reglu er æskileg
- Mjög góð almenn tölvukunnátta ásamt metnaði til að ná árangri í starfi.
- Samviskusemi og nákvæmni í vinnubrögðum
- Sjálfstæði, frumkvæði og sterk samskiptahæfni

Frekari upplýsingar veitir Ólafur Gestsson, forstöðumaður PwC á Suðurlandi með tölvupósti á netfangið olafur.gestsson@pwc.com.

Öllum umsóknum verður svarað og verða þær meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.



Í ósamstæðum skóm 8. mars – hvað er nú það

Föstudaginn 8. mars ætla Soroptimistar um allan heim að ganga í ósamstæðum skóm til að heiðra alþjóðlegan baráttudag kvenna sem hefur verið við lýði frá árinu 1910. Við biðjum þig um að gera slíkt hið sama.

Enn ein dellan, gæti einhver stunið upp. Já, það lítur út fyrir það, en bíðum við, þetta er auðvelt að útskýra. Ósamstæðir skór vísa til þess kynjamunar sem enn er við að etja á allt of mörgum sviðum, kynjamunar sem er ómálefnalegur, óréttlæt看legur og í andstöðu við fyrirheit um fullkomið jafnrétti kynja.

Og hverjir eru eiginlega þessir Soroptimistar? Þeir eru yfir aldagömul samtök kvenna, sem kalla sig systur og ná yfir um 130 lönd í heiminum. Systurnar vinna að bættri stöðu kvenna, mannréttindum, framförum, friði og sjálfbærri þróun. Fyrsti íslenski Soroptimistaklúbburinn var stofnaður 1959 og eru núna 19 klúbbar starfandi hringinn í kringum landið. Sjá nánar á soroptimist.is.



skýringin á því er sú að ekki er til sambærileg, áreiðanleg tölfræði yfir heiminn um tíðni og alvarleika kynbundins ofbeldis. Víða er það einfaldlega ekki mælt, það er þaggað niður, afneitun er ríkjandi. Það út af fyrir sig endurspeglar mjög svo veika stöðu kvenna og jafnréttis yfirleitt.

Lýðheilsuvandi - faraldur

Á sama tíma eru rannsóknir, þar á meðal íslenskar, sem sýna að þriðja til fjórða hver kona verður einhvern tíma fyrir kynbundnu ofbeldi á lífsleiðinni. Í sumum löndum eru vísbendingar um að önnur hver kona verði fyrir alvarlegu kynbundnu ofbeldi á heimili sínu af hendi eiginmanns. Á Íslandi hefur verið lögð stigvaxandi áhersla á undanförunum árum á að byggja upp sem besta tölfræði um kynbundið ofbeldi og rannsaka áhrif þess á þolendur. Má þar m.a. nefna rannsóknina Áfallasaga kvenna, sem markar tímamót að þessu leyti. Í fyrstu niðurstöðum þessarar rannsóknar kom fram að áhrifa ofbeldisins gætir víðar og í meira mæli en við vorum áður með vitneskju um. Til dæmis birtast afleiðingarnar meðal kvenna í kvíða, þunglyndi, sjálfsskaðandi hegðun, líkamlegum veikindum, kulnun og örorku. Þetta eru allt þættir sem eru rándýrir, bæði í lífi þolendanna sjálfa og á samfélagslegum vettvangi, eins og til dæmis í heilbrigðisþjónustu. Það gefur auga leið að þessi staða bitnar á uppeldisskilyrðum barna, svo bara það sé nefnt. Ofbeldið tekur sífellt á sig nýjar myndir. Ungu stúlkurnar í samfélaginu okkar hafa langsamlega flestar reynslu af stafrænu ofbeldi, sem er ógnvekjandi. Af þessu má draga þá ályktun að ofbeldi gegn konum sé einn úbreiddasti og dýrasti lýðheilsuvandi sem um getur, svo útbreiddur að nota má hugtakið faraldur. Það liggur

í augum uppi að hið göfuga fyrirheit jafnréttislaga, að allt fólk [skuli] eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni, verður ekki efnt á meðan kynbundið ofbeldi á sér stað.

Kvennastörfin rómuðu – og alræmdu

Framfaraskref hafa verið stigin hér á landi á undanförunum árum varðandi launajafnrétti kynja með jafnlaunavottun og svipuðum úrræðum. Mikilvægt er þó að átta sig á að þessi úrræði, mælitæki og eftirfylgjandi aðgerðir, eru líka sínum takmörkunum háð og þær eru verulegar. Þær stafa af því að þau taka aðeins á launamun kynja innan fyrirtækja og virka aðeins á réttan hátt sé lagt rétt mat á virði starfa innan þeirra. Með öðrum orðum, þau taka ekki á launamun á milli fyrirtækja, til dæmis í mismunandi atvinnugreinum, segjum hefðbundnum starfsstéttum karla og hefðbundnum starfsstéttum kvenna, og það er allsendis ógagnsætt hvernig virði einstakra starfa eða starfahópa er metið miðað við önnur. Þetta er ástæðan fyrir því að jafnvel þótt jafnlaunavottun sé lögbundin, getur verið krónískt vanmat í gangi á hefðbundnum kvennastörfum – í starfsgreinum sem einkum konur sinna. Við erum minnt á það þessa dagana með launabaráttu verkafélagsfélaga fyrir að hækka laun, til dæmis við ræstingar.

Stillum okkur saman – í ósamstæðum skóm

Það er gríðarlega mikilvægt fyrir framtíðarþróun okkar íslenska samfélags að við missum ekki sjónar á markmiðum um jafnrétti kynja alls staðar þar sem staða þeirra er lakari. Jákvað tengsl á milli almennrar velmegunar þjóða, heilsu, lýðræðis og mannréttinda annars vegar og stöðu kvenna hins vegar eru margsönnuð. Með auknu jafnrétti kynja eflum við allt samfélagið.

Hildur Jónsdóttir,
Soroptimistaklúbbi Suðurlands

Kennari við ML leystur frá störfum eftir rasísk ummæli

Kennari við Menntaskólann Kað Laugarvatni, Helgi Helgason, hefur verið leystur frá störfum í kjölfar ummæla sem komu fram í færslu sem hann setti inn á Facebooksíðu Íslensku Þjóðfylkingarinnar, um söngvarann Bashar Murad, fyrir lokakvöld Söngvakeppni sjónvarpsins sl. laugardag. Færslan hefur vakið hörð viðbrögð.

„Ætla þeir á RÚV að láta grenjandi og illa skeindan Palistínuaraba vinna? Þegar stjórnd-

ur keppninnar eru farnir að beita sér í þágu eins „keppanda“ hljóta viðvörunarþjöllur að hringja?“, segir m.a. í færslu Helga sem hefur sinnt kennslu í dönsku og fjármálalæsi við skólann.

„Leggjumst öll á eitt og kjósum eitthvað annað en fulltrúa hryðjuverkasamtakanna HAMAS. Athugið að þessi náungi er yfirlýstur samkynhneigður. En hamas er eins og ISIS. Hata. Þannig ef hann myndi vinna hvað myndu fulltrúar HAMSA á

Íslandi þá gera? Henda honum úr turninum á Hallgrímskirkju? Það gerðu þeir við samkynhneigða í Sýrlandi. Hentu þeim niður úr háum byggingum.“

Í tilkynningu frá skólanum segir að sú orðræða sem Helgi hafi viðhaft samræmist ekki stefnu eða einkennum skólans og hafi stjórnin og Helgi sammælt um að hann fari í leyfi frá og með 5. mars sl og að í kjölfarið verði gengið frá starfslokum.



**MENNTASKÓLINN AÐ
LAUGARVATNI**

OPIÐ HÚS

13. MARS
MIÐVIKUDAGUR KL. 15 - 17

ALLT UM ML HÉR



ML@ML.IS
480-8800

150 ára afmæli Einars Jónssonar minnst í Hrunamannahreppi

Sveitarstjórn Hrunamanna-shrepps hefur samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra ásamt Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd að leggja fram tillögu að því með hvaða hætti sveitarfélagið geti sem best gert 150 ára afmæli Einars Jónssonar, myndhöggvara skil en þann 11. maí næstkomandi eru 150 ár frá fæðingu þessa merka listamanns.

Í ár eru einnig liðin 70 ár frá andláti hans en Einar og eiginkona hans, Anna Jónsson, eru jarðsett í Hrepphóla kirkjugarði. Er undirbúningur að dagskrá þegar hafinn og mun listamannsins verða minnst, í hans heimasveit, með veglegum hætti þann 11. maí næstkomandi.

Á fundi sveitarstjórnar var lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra vegna fæðingarafræmleis Einars Jónssonar, myndhöggvara en þar kemur eftirfarandi fram:

Einar Jónsson var brautryjandi í myndhöggvaralist á Íslandi. Einar hélt til Kaupmannahafnar til að læra höggmyndalist og stundaði hann m.a. nám við Konunglega listaháskólann á árunum 1896 til 1899 með styrk frá Alþingi. Árið 1917 kvæntist Einar danski konu, Önnu Jørgensen, en systir hennar, Franzisca, var gift rithöfundinum Gunnari Gunnarssyni. Einar vann mikið með þjóð- og goðsöguleg minni. Fjöldi verka hans eru til sýnis í Listasafni Einars Jónssonar og mörg önnur eru



Sumarhús Einars Jónssonar hefur verið friðað og stendur það enn á fæðingargörð hans Galtafelli.

þekkt kennileiti svo sem stytta af Ingólfi Arnarsyni við Arnarhól og svo er Alda aldanna, eitt hans þekktasta verk, áberandi kennileiti í miðbæ Flúða.

Einar fæddist á Galtafelli í Hrunamannahreppi þann 11. maí 1874 og verða því í ár 150 ár liðin frá fæðingu þessa mikla listamanns. Hann lést þann 18. október 1954 og því eru í ár 70 ár frá andláti hans en Einar er jarðsettur ásamt konu sinni í kirkjugarðinum við Hrepphóla kirkju.

Einar reisti sér 20 m² sumarhús að Galtafelli í Hrunamannahreppi sem hann kallaði Slotið og er það eitt elsta hús sinnar tegundar á landinu. Hann og eiginkona hans dvöldu langdvölum að Galtafelli í sumarhúsi sínu eða eins og segir í grein um Einar Jónsson, myndhöggvara, sem birtist í Morgunblaðinu

21. desember 1982: „Flestum sumrum hin síðari ár dvöldust þau hjónin um tíma í sumarhúsi sínu á Galtafelli. Þar mótaði Einar ekki myndir með höndum sínum, en hugurinn var að verki og ýmsar hugmyndir, sem hann vann að á vetrum, fæddust á sumrum eystra. Þar naut hann innilegs samlífs við þá náttúru-töfra sem höfðu heillað hug hans í bernsku og veittu honum innblástur til æviloka.“ Sumarhús Einars í Galtafelli var friðað árið 2014 og er nú í eigu Þjóðminjasafns Íslands.

Í ljósi ríkulegrar tengingar listamannsins við sína heimasveit er það vel við hæfi að Hrunamenn minnst Einars Jónssonar, núna í ár, þegar 150 ár eru liðin frá fæðingu hans.

Hrunamannahreppur

Ágúst Máni á forsetalista HR í annað sinn



Ágúst Máni Þorsteinsson frá Selfossi var valinn á forsetalista Háskólans í Reykjavík á haustmisseri 2023 og er það í annað sinn sem hann kemst á þann góða lista, en fyrra skiptið var á hans fyrstu önn árið 2022. Ágúst Máni er 2. árs nemi við tölvunarfræðideild skólans. Þeir nemendur sem komast á forsetalista eru 1-3% sem ná bestum námsárangri í námi á hverri önn.

Markmiðið með forsetalista HR er hvatning fyrir nemendur sem ná framúrskarandi árangri í námi og til vekja athygli á árangri þeirra. Þeir nemendur sem komast á forsetalista hljóta styrk sem nemur skólagjöldum einnar annar. Auk þess er mikill heiður að komast á slíkan lista og getur viðurkenningin til dæmis skipt máli þegar sótt er um framhaldsnám eða atvinnu.



Haukur Andri Grímsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Takk kærlega fyrir tilnefninguna Jón Lárus og takk fyrir frábæra uppskrift í síðustu viku sem sló rækilega í gegn.

Ferðinni er heitið til Ítalíu en ítölsk matargerð hefur heillað mig síðan ég byrjaði að elda sjálfur. Þessi uppskrift er einföld en klikkar ekki!

Trufflupasta

1x box íslenskir sveppir
1x box íslenskir kastaníu-sveppir
500 gr. ferskt tagliatelle
Ca. 5 stk. skallottulaukur
200 gr. Parmigiano reggiano
4-5 stk. hvítlauksrif
0,5 ltr. Rjómi
1x búnt steinselja
Truffluolía

Byrjað er á að steikja sveppi upp úr smjöri og leyft að malla aðeins. Hvít- og skallottulauk bætt út á og saltað og piprað eftir smekk og leyft að malla



í nokkrar mínútur. Því næst er rjómanum bætt út á og leyft að malla. Næst er soðnu Tagliatelle bætt út á ásamt 150gr af rifnum parmigiano og hálfu búnti af steinselju. Truffluolíu helt yfir smekk eða u.þ.b. tvær matskeiðar. Restin af ostinum og steinseljunnunni nýtt til að skreyta (e. garnish).

Hvítlauksbrauð í ofni ásamt góðu Barolo víni fullkomnar svo máltíðina.

Ég ætla að skora á móður mína Friðborgu Hauksdóttur til þess að leyfa Sunnlendingum nær og fjær að njóta hæfileika sinna.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

ML kynnir Leiksýninguna Adrenalín

Leikfélag Menntaskólans Lað Laugarvatni vinnur hörðum höndum við að setja saman frumsamið leikrit að nafninu Adrenalín. Frumsýning fer fram þann 7. mars klukkan 20:00 í Félagsheimilinu Aratungu í Reykholti, og eru sýningar samtal fjórar. Verkið er eftir þær Kolfinnu Sjöfn Ómarsdóttur og Þórkötlun Loftsdóttur sem leikstýrðu einnig. Leikritið er um hann Grím sem er að útskrifast úr menntaskóla. Hann á að fara í útskriftarferð en kvöldið áður hendir hann í party þar sem allir félagarnir hittast og fagna tilverunni. En Grímur lendir

dálítið illa í því í partyinu, sofna og verður svo óheppinn að missa af hópnum sem núna er kominn upp á flugvöll. Hann tekur það því á sig að redda sér sjálfur beint upp á flugvöllinn til og hitta á alla sína vini úti. Hann kemst loks í flug, en er hann að fara á réttann áfangastað? Í þessu ferðalagi lendir Grímur í ótrúlegustu ævin-tyrum og virðist ekkert ætla að ganga að óskum. Farnar hafa fram stífar æfingar síðan í haust og er leikhópurinn spenntur að fá að flytja þetta á svið fyrir almenning. Miðasala fer fram í gegnum netföngin: tinnali.06@ml.is og kts.07@ml.is.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Geta hverir okkar enn, endaleysu tala menn. Aðeins hiti angrar hann, upp á þessu spóinn fann.

Svar við gátu í blaði 2741: MÁL

3. Tungumál

4. Síldarmál (150 lítrar, um 135 kg)



Ný stjórn og stjórnarskiptaball

Kæru sunnlendingar, það er margt skemmtilegt búið að vera í gangi við Menntaskólann að Laugarvatni. Ný stjórn nemendafélagsins Mímis var nýlega kjörin. Í mánuðinum fór fram áróðursvika, þar sem nemendur fá kost á að bjóða sig fram og kjósa í nýja stjórn. Það ríkti mikil spennan þegar úrslitin á stjórnarskiptunum fóru fram. Við viljum þakka fyrirverandi stjórn fyrir stórfenglega vel unnin störf og fyrir að halda félagslífinu í okkar ástkæra skóla gangandi.

Seinna í vikunni var haldið upp á stjórnarskiptin með balli þar sem allir skemmtu sér konunglega. Á ballinu spilaði hljómsveitin Made in Sveitin og tónlistarmennirnir þeir Stefán Hilmarsson og Daniil stigu á



Ný stjórn Nemendafélagsins Mímis.

svið og skemmtu liðinu. Þetta var svo sannarlega eftirminnileg vika og ballinu verður seint gleymt.

Nýkjörna stjórn Mímis skipa Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir

stallari, Eydís Lilja Einarsdóttir varastallari, Emma Ýr Friðriksdóttir gjaldkeri, Ingunn Lilja Arnórsdóttir og Rakel Día Arnarsdóttir, Jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar, Ásdís Helga Magnúsdóttir og Tómas Már Rossel Indriðason, Íþróttafórnarmenn, Guðjón Árnason og Jakob Máni Ásgeirsson skemmtinefndarformenn, Dána Dan Jónsdóttir og Stefanía Maren Jóhannsdóttir árshátíðarformenn, Kjartan Brynjólfsson tómstundaformaður, Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir ritnefndarformaður og Íris Dröfn Rafnsdóttir, vef- og markaðsformaður.

Umsjón:

Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir og Íris Dröfn Rafnsdóttir



Það var góð stemning á Stjórnarskiptaballinu.



Miðdeildartónleikar

12. mars kl. 18:00

í hátíðarsal Stekkjaskóla, Selfossi

Framhaldsdeildartónleikar

14. mars kl. 18:00

Í Hveragerðiskirkju

Sunnlendingar eru hvattir til að mæta og kynna sér öflugt starf Tónlistarskóla Árnesinga sem birtist í fjölbreyttum efnisskrám beggja tónleikanna.

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis. Verið öll hjartanlega velcomin!



Uppbyggingarsjóður Suðurlands

óskar eftir umsóknum í sjóðinn

Ertu með frábæra hugmynd?



UMSÓKNARFRESTUR
5. mars, kl. 16:00



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND
Byggðapróunarfulltrúi á þínu svæði
sinnir hlutverki ráðgjafa fyrir sjóðinn



NÁNARI UPPLÝSINGAR
www.sass.is/uppbyggingarsjodur



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)

Útboð

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í verkið:

Borgarrimi áfangi 3

Verklok eru 1. október 2024

Verkið felur í sér gerð á hluta nýrrar götu, Borgarrima í Reykholti, Bláskógabyggð

Verktaki skal jarðvegsskipta götustæðum samkvæmt kennisniðum og leggja styrktarlag. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, reisa ljósastaura, leggja ljósastaurastreng og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annara veitulagna.

Helstu magntölur eru:

Gröftur 6.700 m³

Styrktarlag og fylling í lagnaskurði 6.700 m³

Fráveitulagnir 500 m

Vatnsveitulagnir 255 m

Ljósastaurar 6 stk

Hitaveitulagnir 240 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með fimmtudeginum 7. mars 2024. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Magnús hjá Eflu Suðurlandi með því að senda tölvupóst á netfangið magnus.olason@effla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Bláskógabyggðar, Reykholti 806 Selfossi, fyrir kl. 11:00 mánudaginn 25. mars 2024 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

F.h. Bláskógabyggðar

Grunnurinn að því að njóta lesturs er lagður í bernsku

segir lestrarhesturinn Magnea Gunnarsdóttir

Magnea Gunnarsdóttir er fædd árið 1979 og uppalin á Selfossi. Tungumál tónlistarinnar hefur alltaf skipað mikilvægan sess í hjarta hennar og þess vegna lá leiðin í tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík eftir stúdentspróf frá Fjölbautaskóla Suðurlands. Hún útskrifaðist frá TR með B.ed. gráðu árið 2002 og lauk sama vor 8. stigi í söng. Nú starfar Magnea sem tónlistarkennari hjá Tónlistarskóla Árneseinga og býr í uppsveitum Árnessýslu ásamt manni sínum, Ingvari Þrándarsyni og þremur börnum.

Hvaða bækur ertu að lesa núna? Nýlega lauk ég við að hlusta á bók eftir Ragnheiði Gestsdóttur, lesin af Ragnheiði Steindórsdóttur. Bókin heitir Steinninn og er fantaskemmtileg. Ég rambaði á hana í framhaldi af öðrum bókum eftir sama höfund sem höfðu haldið athyglinni óskertri. Núna er ég með Utangarðsbörn eftir Kristínu Ohlsson í tækinu. Hún fer ágætlega af stað.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Það fer eftir því hvernig ég er upplögd. Oft verður fyrir valinu einhver spennusaga. Svo hef ég líka gaman af góðum ævisögum og ekki síður allskyns samfélags- og mannlysingum. Ég reyndi að lesa Guðrúnu frá Lundi á menntaskólaárunum, en gafst upp á fyrstu metrunum. Fyrir nokkrum árum vantaði mig svo eitthvað að hlusta á, ákvað að gera aðra tilraun við Dalalíf – og féll kylliflöt! Hægur, skýr og notalegur lestur Þórunnar Hjartardóttur gerði sitt til þess að færa söguvið bókarnar inn í ljóslifandi inn í hugann.

Ertu alin upp við lestur bóka?

Ég las heilmikið sem krakki og var svo stálheppin að fá að njóta þess að láta lesa fyrir mig líka, bæði af foreldrum mínum og



eldri systur. Mér er minnstæð fyrsta bókin sem var ómyndskreytt og ég las sjálf. Hún heitir Staðfastur strákur eftir Kormák Sigurðsson, og þá hefur lesturinn líklega verið kominn á það stig að ég hef verið fær um að njóta þess að lesa. Á eftir fylgdu margar bækur, efst á baugi eru líklega bækur Enid Blyton, Anna í Grænuhlíð og Pollýanna var og er í miklu uppáhaldi.

Ég var svo heppin að það var heilmikið til af bókum heima og þegar ég var uppiskroppa með bækur gat ég alltaf fundið eitthvað í stóru bókahallunni á ganginum, og stundum rakst ég á eitthvað skemmtilegt og áhugavert. Grunnurinn að því láni að kunna að njóta lestrar er auðvitað lagður á æskuárum, í notalegu fangi einhvers fullorðins sem les. Ég vona svo innilega að sem flestir foreldrar átti sig á mikilvægi þess að lesa fyrir börnin sín. Ávinningurinn er svo ríkulegur: orðaforði og málskilningur eykst til muna, samveran er svo dýrmæt, einbeitingin þjálfast. Og við lestur geta orðið til kveikjur að mikilvægu samtali og ný sýn fæst á lífið. Bækur stækka heiminn og auka skilning. Ég er einnig þakklát fyrir þær bókmenntir sem við vorum látin fara í gegnum á grunnskóla- og menntaskólaárum. Þó að þær hafi sumar verið lesnar meira af skyldu en áhuga hefði ég alls ekki viljað missa af

því að kynnast þeim. Það er svo dýrmætt að stækka hinn „bókmenntalega þægindaramma“.

En hvernig lýsir þú lestrarvenjum þínum?

Nú orðið hlusta ég mun meira en ég les. Eitt það skemmtilegasta sem ég geri er að stússa í heimilisverkum og hlusta á góða bók á meðan. Ég hef líka unun af að lesa bundið mál, en væri til í að gera meira af því.

Einhverjir uppáhaldshöfundar?

Ef ég vel bók út frá höfundi er það helst einhver sterkur spennusagnahöfundur sem verður fyrir valinu en ég á erfitt með að velja einhvern sérstakan. Hvað aðra höfunda sem ég hef lesið langar mig kannski að nefna Steinunni Sigurðardóttur. Einhverjar bækur las ég eftir hana í kringum tvítugsaldurinn. Ég heillaðist af ljóðrænni í texta hennar og ég held að hún hafi vakið áhuga minn á hljómi frásagnarinnar í rituðum texta sem er ekki ljóð. Svo er kannski rétt að nefna að nú þegar ég hlusta meira en ég les hef ég rekið mig á hvað lesarinn skiptir miklu máli.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Ó, já. Það var ekki svo sjaldan sem mamma og pabbi opnuðu inn til mín á kvöldin og sögðu mér að nú yrði ég að fara að slökkva. Í skotinu á milli herbergjanna okkar er verönd sem glugginn á herberginu mínu vissi að. Og fyrir ofan svalahurðina á hjónaberberginu þeirra var þessi blessaði litli aflangi gluggi sem kom upp um mig – þau sáu alltaf ef það var enn ljós hjá mér.

En að lokum Magnea, hvernig bók myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Það er nú erfitt að segja. Ég hugsa að sú bók myndi byggjast á einhverju sem hefur gerst í raun og veru. Annað hvort kennslubók sem ég myndi gera mitt besta til að gæða lífi eða einhverskonar skáldsaga byggð á heimildum. Nú eða ljóðabók.

Tillögur að áhugaverðum Lestrarhestum berist á netfangið jonozur@gmail.com

Hætti í skóla 16 ára til að safna fyrir nýju hjóli

Selfyssingurinn Ásta Petrea Sívertsen Hannesdóttir er þjálfari Víkur og Umf. Selfoss í motocross og hefur sjálf átt góðu gengi að fagna í íþróttinni, sem og enduro. Hin metnaðargjarna Ásta Petrea er 24 ára og er búsett í Hveragerði ásamt kærasta sínum Benjamín og syni þeirra Evían Andra. Auk þjálfara- og móðurhlutverksins á hún og rekur fyrirtækið Augnháralengingar.is og leggur stund á nám við félagsvísinda- og lagadeild hjá Keili. Dagskráin ræddi við Ástu, sem nýlega landaði sínum stærsta styrktar-samning til þessa, við O'NEAL í Evrópu, en hún náði 3. sæti á Íslandsmeistaramóti árið 2023 og hlaut sama ár tilnefningar bæði sem akstursíþróttakona ársins og íþróttakona Árborgar.

Pabbi ekki misst af einni keppni

Ásta kynntist motocross fyrst þegar hún var 14 ára. „Vinur minn var nýbúinn að kaupa sér hjól og þegar ég sá það var það fyrir mér eins og að sjá gull. Ég fékk að starta hjólinu inni í bílskúr hjá honum og ég var fljót að sannfæra foreldra mína um að leyfa mér að kaupa hjól. Pabbi var mjög til í þetta en það var aðeins erfiðara að sannfæra mömmu. Um leið og ég byrjaði að hjóla urðum við pabbi bæði alveg veik fyrir sportinu. Hann skutlaði mér alltaf upp á braut og horfði á mig hjóla og hefur ekki misst af einni motocross keppni hjá mér. Ég hætti í skóla 16 ára til að safna fyrir nýju hjóli, kláraði semsagt ekki framhaldsskóla en lærði á þessum tíma augnháralengingar og var ég með þeim fyrstu í þeim bransa á Íslandi og vann mikið við það bæði á Selfossi og í Reykjavík. Ég byrjaði að æfa motocross árið 2014 á Selfossi. Þjálfarinn minn á þeim tíma, Axel Sigurðarson, kom mér af stað að keppa á Íslandsmótinu. Ég tók svo fyrstu enduro keppnina árið 2020 sem endaði frekar illa með biluðu hjóli og ætlaði aldrei aftur að taka þátt en endaði með því að taka þátt í Íslandsmeistaramótinu árið 2022.“

„Um leið og ég fékk trú á sjálfri mér varð ég óstöðvandi“

Síðan Ásta byrjaði að keppa hefur hún fimm sinnum keppt á fullri mótarið og segir hún hvert ár hafa verið lærdómsríkt. „Ég sá enga framför árin 2018-2019 og þá tók ég ákvörðun að fara af 250cc hjóli og á 125cc, til að læra að hjóla alveg upp á nýtt. 125cc hjól eru tvígangis og þarf maður að hafa meira fyrir því að hjóla á þeim, semsagt skipta mikið um gíra og halda hjólinu á snúning, en 250cc er þyngra hjól og þarf ekki að skipta jafn mikið um gíra og það þarf ekki að vera á háum snúning. Það hefur allt gengið þrusuvel eftir að ég færði mig yfir á tví-gengishjól. Ég hef einnig unnið mikið í andlegu hliðinni, hún gleymist oft. Um leið og ég fékk trú á sjálfri mér varð ég óstöðvandi,“ segir Ásta og brosir.

Árið 2020 var hún svo beðin um að þjálfar yngri flokk á Selfossi. „Þá fór ég í ÍSÍ þjálfaranám og byrjaði svo að þjálfar hjá Vík þegar ég var ólétt, hef þjálfað síðan þá en mun taka pásu frá þjálfuninni í ár til að fá meiri tíma til að æfa sjálf,“ segir Ásta.

Mikilvægt að halda starfinu gangandi

En ný brú yfir Ölfusá setur strík í reikninginn hvað æfingasvæði Selfoss varðar. „Vegurinn að nýju brúnni fer yfir okkar svæði þannig við missum brautina á Selfoss, en við erum að vinna úr þessum



Ásta Petrea Sívertsen.

málum með Árborg og það verður auglýst opinberlega þegar við höfum fengið endanlega niðurstöðu í það mál. Við erum með virkt barnastarf á Selfossi svo það er mikilvægt að fá að halda starfinu gangandi og hafa aðstöðu til þess. Það eru brautir nálægt okkur í Þorlákshöfn og í Bolaöldum sem við nýtum okkur á meðan.“ En Ásta segir að í motocross sé mikilvægt að iðkendur hjóli á viðurkenndum akstursíþróttasvæðum til þess að þau séu tryggð ef eitthvað kemur fyrir, en þá þurfi líka að hafa tryggingar sem gilda bæði á æfingum og í keppnum.

Draumur að hafa innanhússaðstöðu

En hvernig getur samfélagið stuðlað að og stutt áframhaldandi velgengi í motocross og enduro? „Samfélagið þarf að viðurkenna að jaðarsport er íþrótt og að við þurfum sama stuðning og aðrar íþróttagreinir. Í motocrossi eru krakkar sem finna sig ekki í öðrum íþróttagreinum og íþróttir fyrir börn eru gríðarlega mikilvæg forvörn. Draumurinn er að hafa innanhússaðstöðu, þá væri sportið í gangi allan ársins hring.“

„Finnst ég smá klikkuð að hafa farið út svona snemma“

Í nóvember árið 2021 fæddist Evían Andri en þegar Ástu bauðst að fara til Ítalíu í æfingaferð og æfa undir leiðsögn fyrrum GP meistaranna Brian Jørgensen og Roman Jelen í mars 2022, gat hún ekki annað en stokkið á það einstaka tækifæri. „Þetta var fyrsta æfingaferðin mín erlendis og ég var mjög spennt fyrir henni, Evían Andri var heima með pabba sínum og pabbi minn fór með mér út. Þegar ég hugsa um ferðina í dag þá finnst mér ég smá klikkuð að hafa farið út svona snemma eftir fæðingu því ég var ekki í neinu formi þegar ég kom út, en ég sé ekki eftir neinu. Ég er að fara aftur út til Ítalíu að æfa núna 27. mars yfir páska og er í miklu betra formi fyrir ferðina núna,“ segir Ásta.

Aðeins meiri pressa og miklu meira sjálfstraust

Nýverið gerði hún svo sinn stærsta samning hingað til, við O'NEAL í Evrópu. „Ég skrifaði undir árs samning við O'NEAL. Samningurinn við O'NEAL í Evrópu er mjög mikilvægur fyrir mig og hefur mikla þýðingu fyrir minn feril sem íþróttakona. O'NEAL er þekkt fyrir að framleiða hágæða motocross-búnað. Það

er skemmtilegt að vera partur af teyminu þeirra og ég er spennt að sjá hvað árið hefur upp á að bjóða með O'NEAL á bak við mig.“ Aðspurð um áhrif samningsins á hennar þjálfun og keppnisaðferðir segir hún að hún þurfi alltaf að leggja sjálf á sig vinnuna í að verða betri hjólari. „Hvort sem ég er á samning eða ekki. En það kemur auðvitað aðeins meiri pressa en líka miklu meira sjálfstraust.“

„Reyni alltaf að horfa á jákvæðu hliðarnar“

Þegar Ásta er spurð um áskoranir sem hún þurfti að kljást við á Íslandsmótinu í fyrra rifjar hún upp lærdómsríkt atvik sem átti sér stað í síðustu keppninni. „Af einhverjum ástæðum fannst mér eins og ég væri búin að hjóla seinasta hringinn og fór út af brautinni einum hring of snemma. Svo sé ég pabba og Benjamín koma hlaupandi, svo svakalega hissa og öskrandi á mig að fara aftur inn, að ég væri ekki búin. Ég brunaði aftur inn í brautina en missti tvö stig sem var fúlt, en ég hugsaði strax að ég myndi læra af þessu. Ég reyni alltaf að horfa á jákvæðu hliðarnar af öllu því neikvæða sem getur komið fyrir.“

En hvernig tilfinning var að hljóta þessar tilnefningar, sem akstursíþróttakona ársins og íþróttakona Árborgar? Það er svakalega góð hvatning og frábært að standa uppi á sviði með öllum flottu íþróttakonunum í Árborg og vera ein af þeim,“ segir Ásta brosandí.

Mikilvægt að kunna að samgleðjast

En hvaða hugmyndafræði notar Ásta við þjálfunina, bæði fyrir sig og liðin sem hún þjálfar? „Ég byrja alltaf á að þjálfar góða grunntækni, það er lykilatriði. Góð staða á hjólinu og góð bremsutækni, svo má bæta í hraðann hægt og rólega. Ég fylgist líka með andlegu hliðinni hjá krökkunum og passa að kenna þeim að samgleðjast öðrum.“

Þá segir hún að það þurfi gríðarlega mikið jafnvægi á milli líkamlegrar og

andlegrar getu í erfiðum heimi motocross og enduro. „Við vorum til dæmis þrjár stelpur í baráttu í öllum keppnum í sumar og það voru yfirleitt aldrei sömu úrslit í umferðunum. Við þurfum allar að halda haus og máttum engin mistök gera, en hausinn var oft að spila með okkur og falla undir pressu. Alveg eins gerðum við þau mistök að detta eða gera smá klaufavillur á hjólinu en það var oft bara hjóla-lengd á milli okkar, svo það mátti ekkert klikka því þá var bara næsta komin framúr.“

Bæta tímana og þá kemur rest

Aðspurð um markmið hennar fyrir komandi tímabil, bæði persónuleg og í því skyni að vekja meiri athygli á íþróttinni segir Ásta: „Markmiðið mitt er að verða Íslandsmeistari en ég legg meiri áherslu á að verða hraðari en ég var í fyrra, bæta tímana mína í öllum keppnum frá því í fyrra og þá kemur rest. Svo langar mig að taka þátt í B flokk með strákunum. Við höldum stelpuhjóladag á Selfossi í fyrra, þar mættu stelpur með hjól að æfa og hjóla saman, svo grilluðum við og áttum góða stund saman. Við komum til með að halda aftur svona dag í sumar. Ég reyni að vera dugleg á Instagram og TikTok að auglýsa sportið,“ en Ásta bendir á að áhugasömum um sportið sé velkomið að senda henni skilaboð á Instagram, þar sem hana er að finna undir nafninu asta.sivertsen.

Ásta bætir við að Íslandsmeistaramótið í enduro hefst í apríl og Íslandsmeistaramótið í motocrossi í júní. „Hægt er að sjá mótariðina á MSÍ/ mótahjóla & snjólesðasamband Íslands á Facebook og á mot.msisport.is. Ég skora á þig, kæri lesandi, að sjá eina motocross keppni í sumar,“ segir Ásta og brosir breitt.

Áttu góð ráð fyrir framtíðar motocross- og endurokeppendur? „Þinn stærsti keppnisnautur ert þú sjálf/ur. Aldrei bera þig saman við einhvern annan, þú þarft að sigra sjálfan þig og þá sérðu árangur,“ segir Ásta að lokum. HGL



Við bætum í hópinn!

Óskum eftir að ráða pípulagningamann-
eða konu með góða reynslu úr faginu.
Þarf að vera sjálfstæð/ur í hugsun og vinna vel í hóp.

Vinnubíll og mjög góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Umsóknir sendast á
800lagnir@800lagnir.is
eða í síma
888-8001 - Eyjólfur
888-8002 - Guðjón





HARPA

ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045



- Bein innspýting
- 4x4
- Driflæsing
- Rafstýri
- Sjálfskipt CVT

1.690.000 kr.
Án vsk. 1.362.903,-





AFLVÉLAR

TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

Selfossi | Akureyri | Garðabær
sími 480-0000 | www.aflvelar.is



Flest gullverðlaun til Selfyssinga

Góumót Júdófélags Reykjavíkur var haldið laugardaginn 24. febrúar en það er æfingamót fyrir yngstu iðkendurnar frá 7-10 ára. Mótið er opið öllum klúbbum og fá allir keppendur þátttökuverðlaun. Keppendur voru fimmtíu og tveir frá eftirfarandi fimm klúbbum, Judo-félag Reykjavíkur, Judodeild Ármanns, Judofélagi Reykjanesbæjar, Judodeild Grindavíkur og Judodeild UMF Selfoss. Flestir þátttakendanna voru að taka þátt í sínu fyrsta móti og stóðu þau sig alveg frábærliga og höfðu þjálfarar þeirra í nógu að snúast við að undirbúa þau og leiðbeina. Börnunum er raðað saman eftir aldri og þyngd eins og venja er og keppa stúlkur og drengir stundum saman í flokkum ef þannig stendur á sem og stundum þarf að sameina þyngdarflokka svo allir fái mótherja. Mótið var vel sótt bæði af keppendum sem og foreldrum og eða öðrum skyldmönnum sem fylgdust með keppninni. Þetta var frábær skemmtun og ótrúlega flott judo sem þessir ungu iðkendur sýndu. Flestir keppendurnir komu frá Júdodeild Selfoss að þessu sinni og unnu þeir flest gullverðlaunin en þeir hafa oftast verið fjölmennastir frá 2012 eða sex sinnum.

Judodeild UMF Selfoss



Auglýsing um skipulag

Eftirtaldir skipulagstillögur voru samþykktar í bæjarstjórn Ölfuss þann 29. febrúar sl. Tillögurnar hafðu áður verið samþykktar til auglýsingar í skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss.

Deiliskipulag Thor Landeldi - Fiskeldi við Keflavík
Lagt er fram deiliskipulag fyrir Thor landeldi á Laxabraut 35-41. Lóðirnar eru alls um 20 ha og er þar ráðgert að framleiða 20.000 tonn árlega af lax, bleikju eða regnbogasilung.

Deiliskipulag Þorkelsgerði 2C
Gert er ráð fyrir því að skipta lóðinni í þrjár stakar frístundahúss lóðir og eina lóð fyrir íbúðarhús. Gert er ráð fyrir að núverandi mannvirki hlaða og fjárhús verði hluti af íbúðahúsalóð.

Deiliskipulag Spóavegur 12
Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir uppbyggingu bændagistingar í fjórum smáhúsum ásamt Tækni- og þjónustuhúsi.

Tillögurnar verða til kynningar á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn til 25. apríl 2024. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 25. apríl 2024.

Deiliskipulag Kirkjuferjuháleiga I og Kirkjuferjuháleiga I, land 4
Til stendur að skilgreina nýja lóð út úr landi Kirkjuferjuháleiga I; Kirkjuferjuháleiga I land 4. Markmið skipulagsgerðar er að nýta landið undir rúmgóðar íbúðarlóðir

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Skrifstofu- og verkefnastjóri
Umhverfis- og framkvæmdasvið

Framkvæmdir hafnar við Reykjaböðin - Ný náttúruböð í Hveragerði



Hugmyndir að uppbyggingu og starfsemi svæðisins. Mynd: Aðsend.

Hveragerðisbær og Reykjadalssfélagið hafa náð tíma-
mótasamningi um viðamikla
ferðaþjónustuuppbyggingu á
Árhólmasvæðinu í Hveragerði.
Samningurinn felur í sér kaup
Reykjadalsfélagsins á bygg-
ingarrétti og úthlutun lóða ásamt
uppbyggingu svæðisins. Þetta
kemur fram í sameiginlegri til-
kynningu frá Hveragerðisbæ og
Reykjadalsfélaginu.

Árhólmasvæðið liggur við
rætur Reykjadalssins sem er ein
vinsælasta náttúruperla Suður-
lands en þangað sækja hundruð
þúsunda manna á hverju ári til
að njóta útivistar og göngu að
heita læknum.

„Það hefur verið afar áhuga-
vert að fylgjast með uppbygg-
ingu Reykjadalssfélagsins í
Hveragerði á undanförunum
árum. Við erum ánægð með
þennan stóra samning sem verður
mikil lyftistöng fyrir ferða-
þjónustuna, atvinnulífið og sam-
félagið í bænum,“ segir Jóhanna
Ýr Jóhannsdóttir, formaður
bæjarráðs Hveragerðisbæjar.

Reykjadalsfélagið er fyrir
með starfsemi á Árhólma-
svæðinu en á árinu 2021 opnaði
Reykjadalsfélagið sem þjónust-
ar veitingar, verslun og salerni
ásamt upplýsingagjöf. Á svæð-
inu er einnig starfrækt afþre-
yingarstarfsemi þar sem boðið
er uppá hjólaferðir og nýverið
opnaði ein lengsta sviflína (e.
mega zipline) í Evrópu. Sú upp-
bygging sem nú er fyrirhuguð
mun falla vel að heildarmynd-
inni og efla þá útivistarparadís
sem Reykjadalurinn, Hengillinn
og svæðið í kring býður upp á.

Reykjadalsfélagið og Hvera-
gerðisbær hafa síðastliðin ár
unnið sameiginlega að nýju
deiliskipulagi fyrir svæðið
og kláraðist sú vinna nýverið
þar sem gert ráð fyrir breyttri
nýtingu þegar stofnaðra lóða
auk fjölda nýrra lóða sem skipu-
lagðar eru með starfsemi ferða-
þjónustu í huga.

Að Reykjadalssfélaginu
standa félögin Hveraberg og
Dionysus sem eru sömu að-

ilar og byggðu áfangastaðinn
Gróðurhúsið sem stendur í
hjarta Hveragerðis og býður upp
á margvíslega þjónustu svo sem
mathöll, verslanir, kaffihús og
hótelíð The Greenhouse Hotel.
Samstarf Reykjadalssfélags-
ins við Hveragerðisbæ og íbúa
hefur verið farsælt undanfarin ár
og því ánægjulegt að náðst hafi
samningar um frekari uppbyg-
gingu félagsins í bænum.

Liður í uppbyggingu og vexti Hveragerðisbæjar

Hveragerðisbær er sveitarfélag í
örum vexti og er þessi samningur
því stórt skref í þeirri uppbyg-
gingu sem á sér stað í bænum.
Samningurinn er í góðum sam-
hljómi við nýlega samþykktu
stefnu bæjarins um blómlegt og
sjálfbært atvinnulíf sem byggir
á sérstöðu svæðisins og styrkir
Ölfusdal enn frekar í sessi sem
aðdráttarafl fyrir þá sem vilja
njóta útivistar og heilsutengdrar
ferðaþjónustu.

Reykjadalsfélagið hefur þegar
byggt upp talsverða starfsemi
í Hveragerði sem hefur verið
mikil lyftistöng fyrir ferða-
þjónustuna og atvinnulífið í
bænum. Einhugur var í bæjar-
stjórn Hveragerðisbæjar um
samninginn og áframhaldandi
uppbyggingu Reykjadalssfélags-
ins í bænum.

„Samstarfið við Hvera-
gerðisbæ hefur verið frábært og
það er mikil ánægja hjá okkur í
Reykjadalsfélaginu að hafa náð
þessum tímamótasamning. Við
erum fullir tilhlökkunar með
uppbygginguna framundan,“
segir Brynjólfur J. Baldursson,
stjórnarformaður Reykjadalss-
félagsins.

Metnaðarfull uppbygging framundan

Markmið uppbyggingar Árhólmasvæðisins er að skapa
fjölbreytta þjónustu fyrir bæði
íbúa bæjarins og nágrennis en
einnig þá fjölmörgu ferðamenn
sem heimsækja svæðið og er
stefnt að heildrænni nálgun með
sjálfbærni að leiðarljósi. Um-

fang uppbyggingar er töluvert
mikið og verður því áfangaskipt
yfir nokkur ár.

The Greenhouse Hotel mun
starfrækja hótél á svæðinu og
þjóða uppá öðruvísi hótellupplifun þar sem gestir geta notið
sín í notalegum smáhýsum og
kofum í faðmi náttúrunnar.

Einnig verður byggð upp
frekari veitingastarfsemi og góð
aðstaða fyrir mismunandi við-
burðarhald s.s. fundarhöld, ráð-
stefnur, afmæli, brúðkaup og
svo framvegis.

Mikil áhersla er lögð á upplifun og að gestir njóti náttúrunnar
með aðgang að margvíslegri
afþreyingu og útivist. Göngu-
túrin er að heita læknum er mjög
vinsæll en einnig er búið að út-
búa nýjar hjóla- og gönguleiðir
á svæðinu og uppá Hengilinn.
Það er hægt að fara í útreiðatúra
á svæðinu og einnig er frábær

golfvöllur stutt frá. Sviflínin er
einstök og hugmyndir uppi um
frekari tengda starfsemi. Það
verður síðan mikil upplifun fyrir
gesti að geta dýft sér í Reykja-
böðin en náttúrulón er einmitt
fyrsti áfangi uppbyggingarinnar
á svæðinu.



Frá vinstri: Valgarð Sörensen, Brynjólfur J. Baldursson, Ólafur Garðarsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Geir Sveinsson, Haraldur Sverrisson, Óskar Sigurðsson. Ljósmynd: Aðsend.

Land til ræktunar

Land og skógur auglýsir til leigu óbrotið land til túngerðar
eða akuryrkju í nágrenni Gunnarsholts í Rangárþingi ytra.
Leiguverð er samkvæmt gjaldskrá Lands og skógar.

Umsóknir skal senda á netfangið
reynir.thorsteinsson@landogskogur.is og er
umsóknarfrestur til 19. mars næstkomandi. Dregið
verður úr umsóknum 21. mars kl 13:00.

Nánari upplýsingar veita Reynir Þorsteinsson, í síma
892-1347 eða reynir.thorsteinsson@landogskogur.is



ÞJÓNUSTA



S. 662 1122

Daglegar ferðir

SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FUNDIR

Vöflukaffi

Laugardaginn 9. mars
kl. 11-12 að Eyravegi 15,
Selfossi. Gestur er Ármann
Höskuldsson eldfjallafræð-
ingur. Minnum einnig á
framsóknarvístina sama
stað mánudaga kl. 19:30.

FÉLAGSSTÖRF

SKRIFSTOFA
FEBSELOpin fimmtudaginn
7. mars kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 7. mars kl. 14:45.
**Nemendur Tónlistarskóla
Árnesinga**Fim. 14. mars kl. 14:45.
**Þá breyttist allt - útlendingar
sem setjast að á Íslandi.
Margrét Blöndal segir frá.**

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.**CoDA-fundur / Meðvirkni**
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

AÐAFUNDIR

Aðalfundur MFÁ

Aðalfundur Myndlistarfélags
Árnessýslu verður haldinn
fimmtudaginn 14. mars
kl. 20:00 á vinnustofum
félagsins í Sandvíkursetri
Selfossi.

Starf félags eldri borgara á Selfossi

Aðalfundur FebSel var
haldinn fimmtudaginn 22.
febrúar í félagsmiðstöðinni í
Grænumörk. Um 130 félagar
mættu á fundinn og var fundur-
inn öflugur.Fram fóru venjuleg aðalfund-
arstörf og að loknum kosningum
var stjórn félagsins þannig
skipuð: Magnús J. Magnússon,
formaður, Ólafía Ingólfssdóttir
varaformaður, Elín Jónsdóttir
gjaldkeri en hún er ný í stjórn,
Guðrún Þórama Jónsdóttir
ritari, Ólafur Backmann með-
stjórnandi, Ólafur Sigurðsson
og Valdimar Bragason í vara-
stjórn. Guðrún Guðnadóttir sem
hefur verið í stjórn undanfarin
fimm ár lét af störfum og eru
henni þökkúð frá bær stjórnar-
störf undanfarin ár.Í lok aðalfundar var tilkynnt
að Óskar Ólafsson og Sigríður
Jóhanna Guðmundsdóttir hefðu
verið gerðir að heiðursfélagum
sem þakklæti fyrir frábær og
farsæl störf í þágu félagsins.

Í skýrslu stjórnar félags-

ins kom fram að starfsemin sé
verulega öflug. Félagsmenn eru
núna að nálgast 1000 og ekki
langt í það að þúsundasti félag-
inn verði skráður í félagið.Innan félagsins starfa hreyfi-
hópar, spilahópar, myndlista- og
ljósmyndahópar, keramik- og
postulínshópar, leikhópur, kaffi-
hópur, hannyrðahópar af öllum
gerðum og tegundum, sönghópar
og öflugur kór svo eitthvað sé
talið. Farið hefur verið í leikhús
og einnig í ýmsar sumarferðir.
Fram kom í skýrslum nefnda að
starfið hafi verið öflugt.

Einnig var skemmtileg árs-

hátíð og aðventuhátíð svo og
myndlistasýningar og hand-
verkssýningar í tengslum við
Vor í Arborg.Opin hús eru alla fimmtu-
daga frá 14.45 – 16.00 þar sem
margvíslegt efni af öllu tagi er
flutt og notið veitinga sem kven-
félagið sér um.Í vetur hefur starfsemin verið
að aukast sem er gott. Reynt
hefur verið að auka upplýsinga-
flæði til að auðvelda félags-
mönnum að fylgjast betur með.
Allar hugmyndir sem stjórninni
berast um nýbreytni í starfsemi-
inni eru skoðaðar og reynt að
prófa.Á fjölmennustu upptökum
hefur verið á mörkunum að
koma öllum fyrir þannig að ef
fjölgar verulega í félaginu þarf
að fara að skoða þau mál.En félagið er öflugt og stefnir
bara upp á við í starfsemi sinni
og vonum við að komandi
starfsár verði okkur öllum
ánægjulegt.

Magnús J. Magnússon

Tónleikar í Skálholtskirkju - Fjölröddun frá fjórtándu öld

Klukkan 20 mánudaginn 11.
mars 2024 flytur sönghóp-
urinn Cantores Islandiae ásamt
gestasöngvara og hljóðfæraleik-
urum Mariumessu eftir franska
miðaldatónskáldið Guillaume
de Machaut. Tónleikarnir fara
fram í SkálholtskirkjuMariumessa Machauts er er
eitt helsta meistaraverk mið-
aldatónlistar og framúrskarandi
dæmi um sérstæða fjölröddun
sinnar tíðar, sem er afar ólík

KIRKJA

Selfosskirkja

Tónlistarguðsþjónusta sunnu-
daginn 10. mars kl. 11. Séra Ása
Björk leiðir guðsþjónustuna og
hugleiðir. Kaffisopi í safnaðar-
heimilinu á eftir.Sunnudagaskólinn verður
einnig klukkan 11, í umsjá Sjafnar
og leiðtoganna.Kl. 17:00 verður Opin Söng-
stund fyrir öll áhugasöm í kirkju-
nni með barna- og unglinga-
kórum.þeirri fjölröddun sem síðar þró-
aðist í vestrænni tónlist.Eins og titill messunnar gefur
til kynna var hún samin til heiðurs
Maríu guðsmóður og ætluð
til notkunar á hátíðum sem
tileinkaðar voru henni innan
kirkjuársins.Þetta er heillandi tónverk og
mjög ólíkt kórverkum seinni
alda sem oftast heyrast flutt.Fjórir hljóðfæraleikarar leika
með kórnum á ýmis hljóðfæri
fyrri alda sem sjaldan heyrast
á tónleikasviði. Hrynur og
hljómar í messunni orka sér-
kennilega á eyra nútímamanns
og færa hann í horfinn heim og
hálfgleymdan.Ókeyypis er á tónleikana og
allir eru velkomnir.

Velkomin í Selfosskirkju



Tónlistarguðsþjónusta sunnudaginn

10. mars kl. 11. Séra Ása Björk leiðir
guðsþjónustuna og hugleiðir. Kaffisopi í
safnaðarheimilinu á eftir.Sunnudagaskólinn verður einnig klukkan 11,
í umsjá Sjafnar og leiðtoganna.Kl. 17:00 verður Opin Söngstund fyrir
öll áhugasöm í kirkjunni með barna- og
unglingakórum.

Með kærri kveðju úr Selfosskirkju.

Glæsileg folaldasýning Hrossaræktarfélags Flóahrepps

Sunnudaginn 3. mars síðast-liðin var hin árlega folaldasýning Hrossaræktarfélags Flóahrepps haldin. Skráning folalda á sýninguna var mjög góð og mæting áhorfenda sömuleiðis, en talið er að um 140 manns hafi lagt leið sína í Sleipnishöllina. Alls komu félagsmenn með 40 folöld til að sýna, 20 hestfolöld og 20 merfolöld.

Dómari sýningarinnar að þessu sinni var hrossaræktandinn og tamningamaðurinn Ævar Örn Guðjónsson. Ævar gaf þóknun sína sem dómara til æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Sleipnis.

Í hryssuflokki komu sem fyrr segir fram 20 framtíðargæðingar. Folöldin eru dæmd á skalanum 1-5, fyrir fjóra þætti: Yfirlína, samræmi, hreyfing og fjölbæfni.

Sex efstu hryssurnar komu síðan aftur til úrslita þar sem frekari samanburður fékkst og gat því endanleg röðun breyst frá niðurstöðu forkeppni.

Í fyrsta sæti eftir úrslit varð Skuggadís frá Langsstöðum, brún að lit. Faðir hennar er Skugga-Sveinn frá Austurhlíð 2 og móðir Nótt frá Langsstöðum. Skuggadís er ræktuð af og í eigu Ingibjargar Einarsdóttur og Hjálmars Ágústssonar.

Í öðru sæti varð Harpa frá Seljatungu, rauð að lit. Faðir hennar er Sindri frá Hjarðartúni og móðir er Fiðla frá Seljatungu. Harpa er ræktuð af og í eigu Ólafs Jóseppsonar.

Í þriðja sæti varð síðan Perla frá Syðra-Velli, móbrún að lit. Faðir hennar er Spuni frá Vesturkoti og móðir Spöng frá Syðra-Velli. Perla er ræktuð af og í eigu Jóns Gunnþórs Þorsteinssonar.

Í fjórða sætinu varð Farsæl frá Læk, móbrún að lit. Faðir hennar er Vísir frá Ytra-Hóli og móðirin er Fræðð frá Brúnastöðum. Farsæl er ræktuð af og í eigu Ágústss Guðjónssonar.

Í fimmta sæti varð Erla frá Syðra-Velli, brún að lit. Faðir hennar er Herkúles frá Kolsholti 2 og móðir er Mósa frá Syðra-Velli. Erla er ræktuð af og í eigu Jóns Gunnþórs Þorsteinssonar.

Í sjötta sæti varð loks Elding frá Brúnastöðum 2, rauðblesótt að lit. Faðir hennar er Lér frá Stóra-Hofi og móðir er Freydis frá Brúnastöðum. Elding ræktuð



Sigurveggarar í hryssuflokki: Ingibjörg Einarsdóttir (Skuggadís frá Langsstöðum), Ólafur Jóseppson (Harpa frá Seljatungu), Jón Gunnþór Þorsteinsson (Perla frá Syðra-Velli), Ólöf Ósk Magnúsdóttir (Völva frá Hrygg 2 – Vin-sælsta folaldið að mati áhorfenda) og Atli Geir Jónsson formaður HRF



Sigurveggarar í hestaflokki: Atli Geir formaður HRF, Gunnar Ingi Jónsson, Stella Rún Gunnarsdóttir (Tindur frá Miðholti), Jón S. Gunnarsson, Kolbrún Edda Bjarnadóttir (Mímir frá Miðholti) og Jóhanna Haraldsdóttir (Bjartur frá Selfossi). Ljósmyndir: Ágúst Ingi Ketilsson.

af og í eigu Ketils Ágústssonar. Glæsilegasta folaldið að mati áhorfenda var síðan valið úr hryssuflokknum en það var hún Völva frá Hrygg 2 sem er ræktuð af og í eigu Ólafs Jóseppsonar og Steindórs Guðmundssonar. Völva sem er brúnskjótt er undan Vísi frá Kagaðarhóli og Hrafnhettu frá Stekkum.

Í hestaflokki voru sömuleiðis sýndir 20 framtíðargæðingar og komu efstu sex aftur til úrslita líkt og í hryssuflokki.

Í fyrsta sæti eftir úrslit varð Tindur frá Miðholti, brúnn að lit. Faðir hans er Blakkur frá Þykkvabæ og móðir Mökk frá Selfossi. Tindur er ræktuð af og í eigu Gunnars Inga Jóns-

sonar og Jóns Sigursteins Gunnarssonar.

Í öðru sæti varð Mímir frá Miðholti, rauðblesóttur leistóttur að lit. Faðir hans er Magni frá Stuðlum og móðir er Urður frá Kirkjubæ. Mímir er ræktuð af og í eigu Jóni Sigursteini Gunnarssyni.

Í þriðja sæti varð síðan Bjartur frá Selfossi, rauðblesóttur að lit. Faðir hans er Blesi frá Heys-holti og móðir Dropadís frá Miðey. Bjartur er ræktuð af og í eigu Jóhannu Haraldsdóttur og Sigurðar Rúnars Andréssonar.

Í fjórða sætinu varð Kaldalón frá Austurási, rauðtvístjörnóttur að lit. Faðir hans er Glampi frá Skeiðháholti og móðir er Krafla frá Austurási. Kaldalón er ræktuð af og í eigu Hauks Baldvinssonar og Ragnhildar Loftsdóttur.

Í fimmta sæti varð Brúni frá Selfossi, brúnn að lit. Faðir hans er Vísir frá Ytra-Hóli og móðir er Harða frá Selfossi. Brúni er ræktuð af og í eigu Sverris Ágústssonar.

Í sjötta sætinu varð loks Kraftur frá Langsstöðum, leir-ljós að lit. Faðir hans er Pensill frá Hvolsvelli og móðir er Orka frá Bár. Kraftur er ræktuð af og í eigu Hjálmars Vilhelms Rúnarssonar.



Tvær fimar skjóttar hryssur. Ljósmynd: Páll Imsland

BARNA OG UNGLINGAKÓR BJÓÐA YKKUR VELKOMIN Á

Opna
Söngstund

Á EFNISSKRÁNNI ER M.A:
VIKIVAKI, LITLA FLUGAN,
SMÁVINIR FAGRIR,
KEDJUSÖNGUR OG SÁLMAR

KOMDU OG SYNGDU MEÐ
HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG



SUNNUDAGINN 10.MARS 2024
Í SELFOSSKIRKJU KL.17:00

Hagyrðingakvöld

Staður: Félagsheimili Hrunamanna
Dagsetning: laugardagskvöldið 16. mars
Húsið opnar 19:30 og samkoman hefst kl. 20
og að sjálfsögðu verður barinn opinn.
Miðaverð 4.000 kr. og miðasala fer fram við hurð.

Hagyrðingar sem boðað
hafa komu sína eru:

Jóhannes Sigfússon frá
Gunnarsstöðum, pistilfirði
Pétur Pétursson læknir,
Akureyri

Magnús Haldórsson
vélsmiður og sundlaugar-
vörður, Hvolsvelli

Gylfi Þorkelsson framhalds-
skólakennari, Laugarvatni



"He's here to hit the high notes."

Stjórnandi kvöldsins verður Árni Geirhjörtur, Akureyri

Karلاكór Hreppamanna mun einnig taka nokkur lög.
Ekki láta þessa skemmtun framhjá þér fara



KARلاكór
HREPPAMANNA
stofnaður 1. apríl 1997

Tveir nemendur úr Grunnskól- anum í Hveragerði hljóta verð- laun fyrir enskar smásögur

Sunnudaginn 26. febrúar sl. Sveitti Eliza Reid forsetafrú verðlaun í ensku smásagna-keppninni, keppni á vegum Félags enskukennara á Íslandi, sem fram fer á landsvísi ár hvert meðal grunn- og framhaldsskólanema. Grunnskólinn í Hveragerði átti þar tvo nemendur, ungu og efnilegu rithöfundana Bryndísi Klöru Árnadóttur, nemanda í 9. bekk og Heru Fönn Lárusdóttur, nemanda í 7. bekk.

Prettán nemendur víðsvegar

af landinu hlutu verðlaun en Bryndís og Hera gerðu sér lítið fyrir og hlutu báðar 1. verðlaun í sínum flokkum, Bryndís í flokki 8.-10. bekkjar fyrir smásöguna The Journey of Finding Me Again og Hera í flokki 6.-7. bekkjar fyrir smásöguna Journey Towards Safety, en þær hafa báðar unnið til verðlauna í þessari keppni áður.

Nemendur í 5. - 10. bekk Grunnskólans í Hveragerði taka þátt í keppninni á hverju ári og í lok janúar voru nemendum veitt

bókaverðlaun og viðurkenn-ingaskjöl af skólanum, fyrir þær smásögur sem þóttu skara fram úr í hverjum flokki, og voru þær sendar í landskeppnina. Smásögurnar sem taka þátt verða að vera skrifaðar á ensku og tengjast ákveðnu þema-orði sem í ár var „Journey“, eða „ferð“ á íslensku.

Við verðlaunaa afhendingu í Grunnskóla Hveragerðis fengu þrír nemendur í flokki 5. bekkjar og yngri viðurkenningu og bækur eftir Roald Dahl. Það voru þau Heba Rut Kristinsdóttir, 5. ÍLG, fyrir söguna The Giant Animal Journey, Heiðdís Lilja Sindradóttir, 5. GH, fyrir söguna The Story of the Pink Underwear og Danielius Helgi Liaugminas, 5. IDK, fyrir söguna Bob's Journey.

Í flokki 6.-7. bekkjar fengu sömuleiðis þrír nemendur viðurkenningu og bækur úr bóka-flokknum „Bear Grylls Adventures“, en það voru Hera Fönn Lárusdóttir, 7. LH, fyrir söguna Journey Towards Safety?, Brianna Lind Sindradóttir, 7. SH, fyrir söguna Benidorm Here We Come og Sigurður Elí Vignisson, 7. LH, fyrir söguna The Journey Awaits.

Að auki voru þrír nemendur í flokki 8. - 10. bekkjar sem fengu viðurkenningu og bækur úr bóka-flokknum Harry Potter og voru það þær Bryndís Klara Árnadóttir, 9. ERP, fyrir söguna The Journey of Finding Me Again, Elma María Böðvarsdóttir, 10. MÍ, fyrir söguna Pain is temporary. Regret is forever og Sólrún Njarðardóttir, 9. ERP, Journey of a New Life. HGL



Ólafur Jósefsson kennari við GÍH, Bryndís Klara Árnadóttir, Eliza Reid forsetafrú, Hera Fönn Lárusdóttir og Genimar Adriana Aranguren Lopez kennari við GÍH. Mynd: Aðsend.

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur / Sjálfskiptur bíll



HSH

þrif og flutningar ehf
Breiðumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,

Þvottur- og leiga á líni-,
ræstingar, þrif og
flutningarþjónusta
Uppl. í síma 792-1727 eða
hshflutningar@gmail.com



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilwerk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

BRÁÐ AF
VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet

Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
Eyravegi 25, Selfossi

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Vilmundur
Guðmundsson Sigurðsson
Sími 694 4922 Sími 779 6777

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980